

Samræmisyfirlýsing fyrir efni og hluti úr plasti

Á öllum sölustigum öðrum en smásölustigi skal vera hendi skrifleg yfirlýsing (e. declaration of compliance, DoC) um að tiltekið matvælasnertiefni eða -hlutur úr plasti, vörur á millistigum framleiðsluferilsins og efni sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efnum og hlutum uppfylli skilyrði gildandi reglugerða.

Þetta þýðir að rekstraraðili (framleiðandi eða dreifingaraðili) þarf að gefa út og hafa tiltæka slíka yfirlýsingu um samræmi og afhenda með vöru þegar hún er afhent/seld og að **matvælafyrirtæki sem notar plastefnið eða -hlutinn á að hafa slíka yfirlýsingu tiltæka og þarf að haga notkun á matvælasnertiefninu eða – hlutum í samræmi við upplýsingarnar í yfirlýsingunni.**

Í IV. viðauka við reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 10/2011 um efni og hluti úr plasti sem ætlað er að snerta matvæli, með síðari breytingum (innleidd hér á landi með reglugerð nr. 374/2012), er útlistað nákvæmlega hvaða upplýsingar samræmisyfirlýsing á að innihalda.

Í samræmisyfirlýsingu fyrir efni eða hluti úr plasti skulu vera eftirfarandi upplýsingar:

- 1) heiti og heimilisfang rekstraraðilans sem gefur út samræmisyfirlýsinguna,
- 2) heiti og heimilisfang rekstraraðilans sem framleiðir eða flytur inn efnivið eða hluti úr plasti eða vörur úr millistigum framleiðsluferilsins eða efni sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efniviði og hlutum,
- 3) auðkenni efniviðarins, hlutanna, vara af millistigum framleiðsluferilsins eða þeirra efna sem ætluð eru til framleiðslu á þessum efniviði og hlutum,
- 4) dagsetning yfirlýsingarinnar,
- 5) staðfesting á því að efniviðurinn eða hlutirnir úr plasti, vörur af millistigum framleiðsluferilsins eða efnin uppfylli viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og reglugerð (EB) nr. 1935/2004,
- 6) nægar upplýsingar um efnin, sem eru notuð, eða niðurbrotsefni þeirra, sem falla undir takmarkanir og/eða forskriftir sem eru settar fram í I. og II. viðauka við þessa reglugerð, til að rekstraraðilar á síðari stigum ferlisins geti séð til þess að þessar takmarkanir séu virtar,
- 7) nægar upplýsingar um efni, sem eru háð takmörkunum í tengslum við matvæli, sem fást með tilraunagögnum eða fræðilegum útreikningum varðandi sértæk flæðimörk þeirra og, ef við á, hreinleikaskilyrði, í samræmi við tilskipanir 2008/60/EB, 95/45/EB og 2008/84/EB, til að gera notanda þessa efniviðar eða hluta kleift að fara að viðeigandi ákvæðum ESB eða, séu þau ekki fyrir hendi, að ákvæðum landslaga sem gilda um matvæli,



- 8) forskriftir fyrir notkun efniviðarins eða hlutarins, s.s.: i. tegund eða tegundir matvæla sem þeim er ætlað að komast í snertingu við, ii. tími og hitastig við meðferð og geymslu meðan efniviðurinn eða hlutirnir eru í snertingu við matvælin, iii. hlutfallið, milli yfirborðsflatar í snertingu við matvæli og rúmmálsins, sem er notað til ákvarða hvort efniviðurinn eða hluturinn sé í samræmi við kröfurnar,
- 9) ef virkur tálmi er notaður í marglaga efnivið eða hlut úr plasti, staðfesting á því að efniviðurinn eða hluturinn sé í samræmi við kröfurnar í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. eða 2. og 3. mgr. 14. gr. þessarar reglugerðar.

Nánari upplýsingar

Reglugerð (EB) nr. 10/2011:

http://www.mast.is/library/Regluger%C3%B0ir/EES-vidbaetir/10_2011.pdf

Norrænar leiðbeiningar um samræmisyfirlýsingar:

<http://norden.diva-portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2%3A858441&dswid=802>

Um reglugerð (EB) nr. 10/2011 á heimasíðu Matvælastofnunnar:

<http://mast.is/matvaeli/snertiefni-matvaela/plast/>